

**Ed.**

**338. L Ö G**

um breyting á lögum og viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911, um atvinnu við  
vjelgæslu á íslenskum skipum.

(Afgreidd frá Ed. 3. ágúst).

1. gr.

Meðan vöntun er á íslenskum vjelstjórum, sem fullnægja ákvæðum

laga um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum gufuskipum frá 11. júlí 1911, getur stjórnarráð Íslands veitt mönnum, er til þess teljast hæfir, leyfi til þess að vera vjelstjórar á íslenskum gufuskipum, þótt þeir fulluægi ekki ákvæðum nefndra laga enda hafi þeir meðmæli eftirlitsmanns með vjelum skips þess, er þeir ætla að verða vjelstjórar á, og vjelfræðikennarans við stýrimannaskólann.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 25, 11. júlí 1911 um atvinnu við vjelgæslu á íslenskum skipum, dags. 2. mars 1914.

3. gr.

b-liður 3. gr. laga frá 11. júlí 1911 orðist svo:

Að hann hafi stundað járnsmíði í 3 ár á einhverju því verkstæði hjer á landi eða erlendis, sem stjórnarráðið mælir með fyrir slíka iðnnema, eða hafi stundað járnsmíði á slíku verkstæði í 1 ár og síðan verið undirvjelstjóri með undanþágu í 2 ár, enda hafi hann fengið vottorð frá meistara sínum um kunnáttu, dugnað og reglusemi.

4. gr.

Aftan við 6. gr. laganna frá 1911 bætist:  
eða hafi siglt 2 ár sem yfirvjelstjóri með undanþágu.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.